


# Sumarhús - fjöldi, staðsetning og dreifing um landið

## Fjöldi yfir landið og skipting á landshluta

Í lok árs 2013 voru á landinu skráð **12.574** sumarhús samkvæmt Fasteignamati ríkisins, þar af voru 6.446 þeirra á Suðurlandi eða 51% og langflest í Grímsnes- og Grafningshreppi, 2.642 eða 21% af heildarfjölda.



Skráðum sumarhúsum á landinu öllu fjölgaði um 5.057 frá árinu 1997 til ársloka 2013, sem er 67% fjölgun. *Sjá meðfylgjandi töflu á síðasta blaði.*

Á Suðurlandi fjölgaði skráðum sumarhúsum um 2.483 á þessu tímabili.

Fjölgunin er mjög misjöfn milli ára en stöðugust á árabílinu 2005 til 2008, 411-519 sumarhús á ári, 4.1%-4.8%.

## Staðsetning og dreifing sumarhúsa á sveitarfélög á landsvísu

Af fimm töluhæstu sveitarfélögunum, í lok árs 2013, eru tvö á Suðurlandi, Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð. Næst þeim kemur Borgarbyggð með 1.303 sumarhús og þar á eftir eru Kjósarhreppur og Skorradalshreppur.



Grímsnes- og Grafningshreppur ber af öðrum sveitarfélögum í fjölda skráðra sumarhúsa yfir landið í heild og á Suðurlandi.

Þar voru í árslok 2013, 2.642 skráð sumarhús, 21% allra sumarhúsa á landinu og 41% allra sem eru skráð á Suðurlandi. Næstflest sumarhús voru skráð í Bláskógabyggð, 1.881 einingar.

## Dreifing sumarhúsa innan Suðurlands

Staðsetning sumarhúsa 2013	Fjöldi.	% innan Suðurlands
Grímsnes-og Grafningshreppur	2.642	41%
Bláskógabyggð	1.881	29%
Rangárþing ytra	481	7%
Rangárþing eystra	338	5%
Hrunamannahreppur	331	5%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	166	3%
Skaftárhreppur	147	2%
Ölfus	127	2%
Hornafjörður	121	2%
Flóahreppur	87	1%
Mýrdalshreppur	52	1%
Ásahreppur	31	0%
Sveitarf. Árborg, Vestm.eyjar, Hveragerði	42	1%
<b>Á Suðurlandi</b>	<b>6.446</b>	<b>51%</b>

Eins og taflan hér sýnir voru skráð sumarhús á Suðurlandinu 6.446.

Eins og áður segir ber Grímsnes- og Grafningshreppur og svo Bláskógabyggð höfuð og herðar yfir önnur sveitarfélög á Suðurlandi og á landinu öllu með fjölda skráðra sumarhúsa. Saman eru þessi tvö sveitarfélög með 70% af öllum sumarhúsum á Suðurlandi og 36% á landsvísu. Næst þeim á Suðurlandi koma Rangárþingin tvö og Hrunamannahreppur.

## Þróun í fjölgun skráðra sumarhúsa á landinu öllu frá árinu 1997 eftir landshlutum.

Fjöldi skráðra sumarhúsa í lok hvers árs eftir landshlutum											
Ár	Höfuðborgarsv.	Reykjanes	Vesturl.	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurl.	Suðurl.	Samtals	Breyting milli ára	
1997	575	33	1.518	346	262	543	277	3.963	7.517	fj.	%
1998	597	34	1.588	448	267	565	290	4.070	7.859	342	4,5%
1999	597	34	1.648	479	291	590	298	4.141	8.078	219	2,8%
2000	732	37	1.793	568	293	603	321	4.286	8.633	555	6,9%
2001	760	39	1.836	578	298	621	324	4.357	8.813	180	2,1%
2002	767	43	1.911	588	305	633	328	4.474	9.049	236	2,7%
2003	788	45	1.999	603	318	658	332	4.540	9.283	234	2,6%
2004	812	54	2.073	557	323	677	342	4.737	9.575	292	3,1%
2005	1.010	59	2.175	530	338	696	360	4.871	10.039	464	4,8%
2006	1.033	59	2.253	544	356	743	368	5.094	10.450	411	4,1%
2007	1.066	66	2.318	554	361	759	381	5.430	10.935	485	4,6%
2008	1.079	65	2.401	555	374	801	396	5.783	11.454	519	4,7%
2009	1.093	67	2.435	569	394	862	426	5.989	11.835	381	3,3%
2010	1.104	71	2.502	588	402	898	443	6.071	12.079	244	2,1%
2011	1.114	70	2.529	596	398	914	456	6.148	12.225	146	1,2%
2012	1.118	69	2.565	593	418	935	349	6.354	12.401	176	1,4%
2013	1.123	71	2.605	597	425	948	359	6.446	12.574	173	1,4%
Fjölgun frá 1997	548	38	1.087	251	163	405	82	2.483	5.057		
% Fjölgun	95%	115%	72%	73%	62%	75%	30%	63%	67%		

Athyglisvert að skoða þróunina á fjölgun sumarhúsa frá árinu 1997. Greinilega mikil og áberandi mest fjölgun á þeim árum sem kennd eru við **2007-andann**.

